# Oddur Gunnarsson og Gígja Snædal

Afhending 2012/71

Oddur Gunnarsson fæddist á Dagverðareyri við Eyjafjörð þann 4. janúar 1943. Hann ólst upp á Dagverðareyri og bjó þar alla tíð. Hann útskrifaðist sem búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal árið 1962 og var bóndi á Dagverðareyri allar götur síðan.

Gígja A. Snædal Rósbergsdóttir fæddist á Akureyri 9. júlí 1947. Hún lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar árið 1964.

Árið 1971 giftust Oddur og Gígja og bjuggu heimili sitt að Dagverðareyri þar sem þau ráku í fjölda ára félagsbú í samvinnu við foreldra Odds. Eftir fráfall þeirra tóku Oddur og Gígja alfarið við búinu.

Auk þess að vera bóndi var Oddur einnig virkur í félagsmálum. Hann var í stjórn Landssambands kúabænda sem og í stjórn Skógræktarfélags Eyjafjarðar um árabil, sat í hreppnefnd Glæsibæjarhrepps og síðar Hörgárbyggðar í 20 ár, þar af var hann oddviti í 8 ár. Hann sat einnig um tíma í stjórn Sparisjóðs Norðlendinga, í skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri og í varastjórn KEA.

Oddur lést árið 2008. Hann og Gígja eignuðust 4 börn.

Gögnin voru afhent af Gígju Snædal. Aðrar afhendingar úr fórum þeirra hjóna eru 2001/13 og 2012/23.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
20. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

| Skrán.nr. | Örk | Efni | Ath. |
|---|---|---|---|

**A-Oddur Gunnarsson og Gígja Snædal**

**A-Oddur Gunnarsson og Gígja Snædal** -

### Oddur Gunnarsson og Gígja Snædal 2012 / 71

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2012 - | A / 1 | 1 | - | Endurbólusetningarvottorð f. Arnbjörgu Sigurðardóttur 1903; jarðarlýsing af Dagverðareyri (óárs.); bréf (sennilega frá Stepháni Thorarenssen) til hreppsnefndar Vallahrepps um skuld við Halldór Jónsson, 1888; landamerkjalýsing Dagverðareyrar (óárs.); handskrifuð grein úr Þjóðólfi frá 28. júlí 1849 um Norðurreiðina (óárs. sennilega seinni tíma uppskrift úr blaðinu); nokkur jólakort til Rósbergs Snædal |